



# Héraðssambandið Skarphéðinn

Engjavegi 48, Selfossi - Sími 482 1189 - Fax 482 2909  
Netfang: [hsk@hsk.is](mailto:hsk@hsk.is) - Veffang: [www.hsk.is](http://www.hsk.is)

Selfossi 12. október 2020

*Sent til sveitarstjórna á sambandssvæði HSK*

Ljóst er að COVID-19 faraldurinn hefur víðtæk áhrif á íþróttastarfið á Íslandi og fjárhagsleg áhrif þessa faraldurs eru ákveðin óvissa. Á dögnum boðaði ÍSÍ til funda með fulltrúum allra íþróttahéraða á landinu og var meðal annars rætt um þann stuðning sem sveitarfélög hafa veitt íþróttastarfinu í tengslum við faraldurinn.

ÍSÍ, í samstarfi við héraðssamböndin, hefur áhuga á að kortleggja betur þær aðgerðir sem tengjast sveitarfélögum landsins, en mörg þeirra hafa stutt vel við íþróttastarfið og fjölskyldur landsins á þessum erfiðu tímum eða að aðgerðir eru í farvatninu sem að þessu snúa.

Við viljum biðja ykkur að svara eftirfarandi spurningum og senda til HSK í þessum mánuði. Til stendur að taka saman yfirlit vegna þessa á landsvísu og kynna á Formannafundi ÍSÍ í nóvember.

## Spurningarnar til sveitarfélaga:

- Hafa frístundastyrkir vegna barna tekið breytingum í tengslum við faraldurinn, s.s. hafa komið inn viðbótarframlög, hann verið hækkaður sérstaklega eða verið gerðar aðrar aðlaganir á honum?
- Hefur sveitarfélagið komið með einhverjum hætti með fjárhagslegan stuðning til móts við tekjutap íþróttafélaga og íþróttahéraðs vegna COVID-19, og þá hvernig?
- Hefur sveitarfélagið sett í gang aðrar aðgerðir sem tengjast íþróttastarfinu í tengslum við COVID-19, og þá hverjar og hvernig?
- Hefur sveitarfélagið gefið út einhverjar breytingar á stuðningi sínum við íþróttastarf á næsta ári (2021), og þá hvaða breytingar?
- Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri í tengslum við þessa umræðu?

Vinsamlegast sendið svörin á netfangið [hsk@hsk.is](mailto:hsk@hsk.is) fyrir 30. október nk.

Kærar kveðjur,  
f.h. stjórnar HSK,

Engilbert Olgeirsson  
framkv.stj. HSK.